

46

8. mars

Auglýsing

um útbrota-taugaveiki í öllum höfnum Hollands.

Samkvæmt símskeyti frá skrifstofu stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn gerir útbrota-taugaveiki (typhus exanthematicus) vart við sig í öllum höfnum Hollands um þessar mundir. Því auglýsist hjermeð að tjeðar hafnir ber að skoða sem syktar af nefndum sjúkdómi. Ákvæðum laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verður því nú beitt að því er snertir hafnir þessar.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er hjermeð bannað að flytja frá höfnum Hollands brúkað lín, fót og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökra-ull, pappírs-afklippur, hár, húðir og ávextl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 8. mars 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

47

3. apríl

Auglýsing

um varnir gegn kvefpestinni (influenza).

Eftir upplýsingum landlæknis mun mega telja kvefpestina útdauða í landinu í þetta sinn, og er því hjermeð feld úr gildi auglýsing dóms- og kirkjumáladeildar um varnir gegn kvefpestinni (influenza), dags. 20. janúar þ. á. En þar sem influenza gengur enn í nágrannalöndum og er talin illkynjuð, þá hefir verið ákveðið að taka upp varnir gegn því, að kvefpestarfaraldurinn gangi yfir landið að nýju, og eru því hjermeð, samkvæmt heimild í 23 gr. sóttvarnarlaganna frá 6. nóvember 1902, settar eftirfarandi reglur:

I. Samgöngum við útlönd skal hagað þannig:

1. Engar samgöngur leyfast við aðkomuskip fyr en sóttgæslumaður hefir gefið leyfi til þess.
2. Sóttgæslumaður lætur spyrjast fyrir um heilbrigðisástand á öllum aðkomuskipum, svo og hvort influenza eða aðrar farsóttir hafi gengið á brottfararstað skipsins. Sje sóttgæsluskírteini í lagi, 5 sólarhringar liðnir án þess að skipið hafi haft mök við syktu eða grunaða, og enginn af skipverjum hefir sykt á grunsamlegan hátt, þá skal telja skipið hættulaust og leyfa skipverjum frjálsar samgöngur við land. Nú þykir hjeraðslækni sjerstök ástæða til að sóttkvía skip lengur, og skal hann þá gera sóttvarnarnefnd þegar í stað aðvart.